

Fundargerð Nemendaráðs ÖSE
Miðvikudagur 4. maí 2022

Mætt voru:

Kennarar: Anna Pála, Ragnheiður

8.bekkur: Elisabeth, Helena, Jón Oddur og Brynjar

9.bekkur: Fanney, Tinna, Þórunn, Hörður, Ninja og Styrmir

10.bekkur: Hrefna Lind, Jeremi Örn, Kristbjörg María, Hrafnhildur og Friðjón

Nemendur hittust í gær og svöruðu spurningum frá nemendum í 7. bekk. Það bárust hátt í 60 spurningar.

Kl. 12 mættu nemendur á fund, skiptu sér í þrjá hópa og fór einn hópur í hverja 7. bekkjar stofu.

Kennaranrir í 7. bekk voru mjög ánægðir með framtakið og sögðu fulltrúana hafa staðið sig mjög vel. Töldu að nemendur í 7. bekk önduðu léttar og væri spenntir fyrir framhaldinu. Þeir tryðu því ekki að unglíngastigið væri eins hræðilegt og kennarar á miðstigi segðu.

Framundan: Hádegismatur og keila, föstudaginn 6. maí.
Síðasti fundur nemendaráðs miðvikudaginn 11. maí.

Fundarritarar: Anna Pála og Ragnheiður.